

Nd.

411. Frumvarp til laga

[204. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

I. KAFLI

Um bæjar- og héraðsbókasöfn.

1. gr.

Almenningsbókasöfn eru: 1. bæjar- og héraðsbókasöfn, 2. sveitarbókasöfn, 3. bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana, sem taldar eru upp í III. kafla laga þessara. Öll slík bókasöfn skulu hlíta lögum þessum.

2. gr.

Landinu skal skipt í bókasafnshverfi eins og hér segir:

1. Reykjavík,
2. Kópavogskaupstaður,
3. Hafnarfjörður og Gerða-, Bessastaða- og Vatnsleysustrandarhreppar í Gullbringusýslu,
4. Keflavík og Gullbringusýsla að takmörkum Vatnsleysustrandar- og Njarðvíkurhreppa,
5. Kjósarsýsla,
6. Akranes og fjórir syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu,
7. Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fjórum syðstu hreppunum,
8. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla,
9. Dalasýsla,
10. Austur-Barðastrandarsýsla,
11. Vestur-Barðastrandarsýsla,
12. Vestur-Ísafjarðarsýsla,
13. Ísafjörður og Norður-Ísafjarðarsýsla,
14. Strandasýsla,
15. Vestur-Húnavatnssýsla,
16. Austur-Húnavatnssýsla,
17. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla,
18. Siglufjörður,
19. Ólafsfjörður,
20. Akureyri og Eyjafjarðarsýsla,
21. Húsavík og Suður-Þingeyjarsýsla,
22. Norður-Þingeyjarsýsla,
23. Fljótshálsa,
24. Seyðisfjörður og Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar-, Borgarfjarðar- og Vopnafjarðarhreppar og Skeggjastaðahreppur í Norður-Múlasýslu,
25. Neskaupstaður og Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppar,
26. Suður-Múlasýsla að undanskildum Skriðdals-, Valla, Egilsstaða-, Eiða-, Mjóafjarðar- og Norðfjarðarhreppum,
27. Austur-Skaftafellssýsla,
28. Vestur-Skaftafellssýsla,
29. Rangárvallasýsla,
30. Vestmannaeyjar,
31. Árnessýsla.

3. gr.

Í hverju bókasafnshverfi skal vera eitt bæjar- eða héraðsbókasafn. Aðsetur þessara bókasafna skulu vera sem hér greinir:

1. Reykjavík, 2. Kópavogskaupstaður, 3. Hafnarfjörður, 4. Keflavík, 5. Hlégarður í Mosfellssveit, 6. Akranes, 7. Borgarnes, 8. Stykkishólmur, 9. Búðardalur, 10. Reykhólar, 11. Patreksfjörður, 12. Flateyri, 13. Ísafjörður, 14. Hólmavík, 15. Hvammstangi, 16. Blönduós, 17. Sauðárkrúkur, 18. Siglufjörður, 19. Ólafsfjörður, 20. Akureyri, 21. Húsavík, 22. Kópasker, 23. Egilsstaðir á Fljótsdalshéraði, 24. Seyðisfjörður, 25. Neskaupstaður, 26. Eskifjörður, 27. Höfn í Hornafirði, 28. Vík í Mýrdal, 29. Hvolsvöllur, 30. Vestmannaeyjar, 31. Selfoss.

Stjórn bókasafns getur með samþykki bókafulltrúa ákveðið bókasafni annað aðsetur innan bókasafnshverfisins en mælt er fyrir um í þessari grein.

Stjórn bókasafns er heimilt, að fengnu samþykki sveitar- eða bæjarstjórnar, að stofna og reka bókasafnsútibú. Skulu þau vera undir stjórn aðalbókasafns og hlíta reglum, sem þeim verða settar og staðfestar verða af bókafulltrúa.

#### 4. gr.

Hlutverk þessara bókasafna er að efla almenna menntun með því að gefa mönnum kost á að lesa góðar bækur, svo og á annan hátt, eftir því sem ástæður leyfa. Til hvers bókasafns skal afla innlendra bóka og rita, þjóðlegra fræða, skáldverka og rita um hagnýt efni. Leggja skal og áherzlu á öflun merkra erlendra bóka, eftir því sem kostur er á, og þá einkum skáldrita, sagnrita og rita um atvinnulíf og annarra rita, er stuðla að því að efla almenna menntun.

Bókasöfnin í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði skulu skyld að varðveita eitt eintak af hverju íslensku riti, sem prentað er. Skulu söfnin njóta sakir þessarar skyldu árlegs aukastyrks úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum.

Heimilt er bókasöfnum, ef viðkomandi bókasafnsstjórn samþykkir, að kaupa og lána út hljómplötur og hljómbönd.

#### 5. gr.

Bæjarbókasöfn skulu hafa með höndum svo viðtæka útlánastarfsemi, að bóka-kostur þeirra megi koma bæjarbúum að sem fyllstum notum miðað við stærð safnanna, fjölbreytni, fjárhag og aðrar aðstæður. Þá skulu og bæjarbókasöfn starfrækja lestrarsal eða lestrarsali, svo sem fært er vegna rúms og fjárhagsgetu. Skylt er bóka-vörðum að leiðbeina um bóka-val, eftir því sem unnt er og heppilegt þykir, og sérstaklega skulu þeir vera þeim notendum safnanna hjálplegir um ráð og leiðbeiningar, sem óska fræðslu eða heimilda um ákveðin efni. Þá er bóka-vörðum og skylt að veita framhaldsskólanemendum skipulagshundna fræðslu um notkun bóka-safna almennt og öflun heimilda um ákveðin efni, ef skólanefndir óska þess og húsakostur bókasafnsins leyfir.

Héraðsbókasöfn skulu hafa sömu skyldur í hreppum, þar sem þau eru staðsett, og bæjarbókasöfn í bæjum. Einnig skulu þau með ákveðnum takmörkunum og skilyrðum (sbr. 30. gr.) lána um bókasafnshverfið bækur, sem ekki er kostur á í hlutaðeigandi sveitarbókasafni. Þetta nær og til bæjarbókasafna, sem jafnframt eru héraðsbókasöfn.

Bóka-vörðum þessara safna skal skylt, eftir því sem við verður komið, að senda fáorðar skriflegar upplýsingar um fróðleiksatriði, þegar um þær er beðið í skynsamlegum tilgangi að dómi bóka-varðar. Þá skulu og þessir bóka-verðir hafa eftirlit með rekstri sveitarbókasafna og bókasafna í framhaldsskólum, sjúkrahúsum og hælum, hver í sínu bókasafnshverfi, og leiðbeina bóka-vörðum og stjórnnum bóka-safna um flokkun, skráningu, afgreiðsluhætti og skýrslugerð. Skal þeim greiddur ferðakostnaður vegna eftirlits úr ríkissjóði, samkvæmt tillögu bóka-fulltrúa.

#### 6. gr.

Hvert bæjar- og héraðsbókasafn skal vera sjálfseignarstofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar og bóka-fulltrúa. Skulu bæir og sýslur sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði, enda njóta þau til húsa-bóta styrks

úr ríkissjóði, og sömu aðilar skulu, ásamt ríkissjóði, leggja söfnunum rekstursfé samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir skulu og úrskurða reikninga safnanna.

#### 7. gr.

Fjárframlög til bæjar- og héraðsbókasafna skulu árlega greidd þannig:

Úr bæjarsjóði kaupstaðar eða hreppssjóði, þar sem safnið er staðsett, skal greiða safninu eigi minni fjárhæð en sem svarar til kr. 30.00 á íbúa kaupstaðarins eða hreppsins. Þá skal og hlutaðeigandi sýslusjóður greiða fjárhæð, sem nemi kr. 6.00 á hvern íbúa sýslunnar.

Nái íbúatala kaupstaðarins 25000, skal bæjarstjórn heimilt að lækka framlög úr bæjarsjóði um kr. 5.00 á íbúa.

Úr ríkissjóði greiðist fjárhæð, sem nemur kr. 15.00 á íbúa kaupstaðar eða hrepps, þar sem safnið er staðsett, og kr. 5.00 á íbúa á móti framlagi sýslna. Greiði kaupstaðir eða hreppar hærri fjárhæð til safns en sem nemur lágmarksgreiðslu samkvæmt lögum þessum, greiðir ríkið 50% á móti umframgreiðslum hreppa og bæja, sem í eru færri en 25 þúsund íbúar, þó aldrei hærri upphæð en kr. 5.00 fram yfir lágmark eða hæst kr. 20.00 á íbúa. Ríkið greiði 50% á móti umframgreiðslum sýslna, unz greiðsla ríkisins hefur náð kr. 7.00 á íbúa.

Fjárframlög skal miða við mannfjölda í bókasafnshverfum, eins og hann var 1. desember næsta ár á undan.

Skal Hagstofan fyrir lok febrúarmánaðar gefa bókafulltrúa skýrslu um mannfjölda í hverju bókasafnshverfi. Skal mannfjöldaskýrslan vera þannig sundurliðuð, að glögglega sjáist, hvað hverjum aðila beri að greiða. Ber bókafulltrúa að tilkynna stjórnnum bókasafnanna mannfjölda í bókasafnshverfum.

Framlög kaupstaða og hreppa greiðast gjaldkera safns fjórum sinnum á ári, en sýslna í einu lagi fyrir 1. júlí ár hvert.

Framlög ríkisins skulu greidd með tveim jöfnum greiðslum, hinni fyrri fyrir lok aprílmánaðar og hinni síðari fyrir lok októbermánaðar. Bókafulltrúa skulu áður hafa borizt vottorð safnstjórnar um, að heimaaðilar hafi staðið skil á lögboðnum framlögum sínum.

#### 8. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem bókasafn er staðsett, og sýslunefnd kjósa stjórn safnsins, að afstöðnum kosningum bæjarstjórna og sýslunefnda, fyrir kjörtímabilið.

Í stjórn bókasafns skulu eiga sæti 3 eða 5 menn, eftir því sem þeir aðilar ákveða, sem hana kjósa. Rísi ágreiningur milli aðila um fjölda stjórnarmanna, sker bókafulltrúi úr.

Þar sem að héraðsbókasafni standa bæði kaupstaðir og eitt eða fleiri sýslufélög eða hluti sýslufélags, skal fara um fjölda stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu.

#### 9. gr.

Stjórn bókasafns skal hafa eftirlit með húsakynnum safnsins og bókaeign þess og öðru því, sem safnið varðar, og ráða bókaaverði.

Í marzmánuði ár hvert skal stjórn bókasafns senda hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og bókafulltrúa skýrslu um starfsemi safnsins á liðnu ári, hag þess og bóka kaup.

#### 10. gr.

Yfirbókaverðir við bæjar- eða héraðsbókasöfn, þar sem bókaavarzlan er aðalstarf, geta þeir einir orðið, sem uppfylla eitthvert eftirfarandi skilyrða:

1. Hafa tekið próf í bókasafnsfræðum við Háskóla Íslands.
2. Hafa lokið slíku prófi við erlendan skóla í bókasafnsfræðum og auk þess annað tveggja numið einn vetur bókasafnsfræði í Háskóla Íslands eða starfað eitt ár sem nemar í islenzku bæjarbókasafni.

3. Hafa lokið meistaraprófi í íslenskum fræðum og kynnt sér í eitt misseri skráningu bóka og afgreiðsluhætti í íslensku bæjarbókasafni eða svipuðu safni erlendis.
4. Hafa haft á hendi, þegar lög þessi öðlast gildi, bókavörzlu í íslensku bæjarbókasafni sem aðalstarf ekki skemur en eitt ár, enda hafi þeir meðmæli bókasafnsstjórnar og einnig yfirbókavörðar, þar sem eru fleiri en einn bókavörður. Aðrir bókavörðir slíkra safna skulu og hafa fengið góða framhaldsmenntun að loknu skyldunámi og hafa kynnt sér, svo að aðalbókavörður telji viðhlítandi, skráningu bóka, afgreiðsluhætti og skýrslugerð í íslensku bæjarbókasafni.

#### 11. gr.

Um laun bókavörða fer að lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Auglýsa skal stöður yfirbókavörða við bæjar- eða héraðsbókasöfn, þar sem bókavörzlan er aðalstarf, með ekki minna en mánaðar umsóknarfresti. Í auglýsingu skal getið launakjara og skírskotað til laga um réttindi til starfsins. Þegar umsóknarfrestur er liðinn, skulu umsóknir þær, sem borizt hafa, sendar bókafulltrúa, og hann láta í ljós álit sitt á því hver hann telji að æskilegt sé að hljóti starfið. Heimilt sé honum að benda á fleiri en einn af umsækjendum.

#### 12. gr.

Stjórn bæjar- og/eða héraðsbókasafns, þar sem bókavörzlan er ekki aðalstarf, ræður mann til starfsins um óákveðinn tíma, og skal hún gera sér far um að fá til þess þann hæfasta, sem vól er á. Leita skal hún áljts bókafulltrúa um hæfni þess manns, sem hún hyggst ráða, og telji hann manninn óhæfan til starfsins, skal sá ekki ráðinn. Maður, sem ráða skal til bókavörzlu, verður að skuldbinda sig til að kynna sér svo, að bókafulltrúi telji viðhlítandi, skráningu bóka, afgreiðsluhætti og skýrslugerð í íslensku bæjarbókasafni.

Laun bókavörðar skulu ákveðin í samráði við bókafulltrúa.

## II. KAFLI

### Um sveitarbókasöfn.

#### 13. gr.

Í hverju sveitarfélagi utan þeirra kaupsúna, þar sem héraðsbókasöfn eru starfandi, skal vera sveitarbókasafn, nema annað komi til samkv. lögum þessum (sbr. 14. gr.).

Sveitarbókasafn skal rekið af hlutaðeigandi sveitarstjórn(um), lestrarfélagi (lestrarfélögum) eða öðrum félagssamtökum sveitarinnar. Þar sem ekki starfar sveitarbókasafn, skal sveitarstjórn stofna eða láta stofna slíkt safn eigi síðar en að ári liðnu frá gildistöku þessara laga.

#### 14. gr.

Kjosi tveir eða fleiri hreppar eða lestrarfélög í tveim eða fleiri sveitarfélögum að sameinast um eitt sveitarbókasafn, skal þeim það heimilt. Sveitarstjórn skal heimilt að undangenginni samþykkt á almennum hreppsfundi að fela héraðsbókasafni það hlutverk, sem ætlað er sveitarbókasafni samkvæmt lögum þessum, enda renni þá til héraðsbókasafnsins það framlag hlutaðeigandi sveitarsjóðs og ríkissjóðs, sem sveitarbókasafni ber (sbr. 15. gr.).

#### 15. gr.

Fjárframlög til sveitarbókasafna skulu greiddast þannig: Þar sem sveitarbókasafn er rekið af sveitarstjórn, skal úr sveitarsjóði greidd fjárhæð, sem nemur eigi minna en kr. 10.00 á hvern íbúa sveitarinnar samkvæmt síðasta manntali, og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr ríkissjóði.

Njóti sveitarbókasafn hærri fjárstyrks úr sveitarsjóði, félagssjóðum eða frá öðrum aðilum en sem nemur kr. 10.00 á hvern íbúa, skal skylt að greiða úr ríkissjóði 50% framlag á móti því, sem fram yfir er, en þó aldrei móti hærri heildarframlagi en sem nemur kr. 30.00 á hvern íbúa sveitarinnar, nema þar sem íbúatalan nær ekki 150. Þar skal hámarksgreiðsla ríkissjóðs miðast við kr. 40.00 á íbúa.

16. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 14. gr., skal skipuð 3 mönnum, kosnum af sveitarstjórn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og til 4 ára.

17. gr.

Þar sem lestrarfélag (lestrarfélög) eða önnur félagssamtök annast rekstur sveitarbókasafna, skal um framlög til bókasafnsins frá félagssamtökunum og ríkissjóði fara eftir sömu reglum og segir í 15. gr., og ná ekki fjárframlag félagsins eða félaga því lágmarki, sem ákveðið er í 15. gr., skal greiða muninn úr sveitarsjóði.

18. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 13. og 17. gr. laga þessara, skal skipuð þrem mönnum. Skulu tveir þeirra kosnir af félagssamtökum þeim, sem að safninu standa, á hverjum aðalfundi félags. Hinn þriðja kys hlutaðeigandi sveitarstjórn til 4 ára. Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög eða félagssamtök í tveim eða fleiri sveitarfélögum standa að sveitarbókasafni, skal stjórnin skipuð fimm mönnum, og fer um tölu stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna og bókafulltrúa.

19. gr.

Skylt er sveitarstjórn(um) að sjá sveitarbókasafni fyrir húsnæði.

20. gr.

Hætti félagssamtök þau, sem um getur í 17. gr., að reka sveitarbókasafn eða vanræki það, er hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) skylt að taka það í sínar vörzlur og reka það samkv. lögum þessum. Rísi ágreiningur út af slíkum skiptum, skal hlíta úrskurði menntamálaráðuneytisins.

21. gr.

Stjórn sveitarbókasafns skal starfa undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórna (sveitarstjórna), og skulu reikningar þess endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins (hreppanna).

Stjórnin skal sjá um, að safnið komi að sem fyllstum notum öllum þeim, sem búa í því sveitarfélagi (þeim sveitarfélögum), sem það tilheyrir. Hún skal ráða safninu bókaörf og leitast við að fá til bókaörf áhugasama menn um bækur og bóklestur. Greiða má bókaverði þóknun, en háð skal hún samþykki bókafulltrúa.

22. gr.

Í fjölmönnum sveitum skal að því stefnt að starfrækja lestrarsal, afla safninu handbóka og fræðibóka um atvinnulíf og tækni og koma á kennslu handa unglíngum í notkun bókasafna. Um ráðningu bókavarda slíkra safna gilda sömu reglur og um ráðningu þeirra, sem um er fjallað í 12. gr.

23. gr.

Í marz mánuði ár hvert skal stjórn sveitarbókasafns senda hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um hag og rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og skal þá bókafulltrúi hlutast til um, að safnið fái styrk þann, sem því ber úr ríkissjóði fyrir liðið ár.

### III. KAFLI

#### Um bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana.

##### 24. gr.

Heimilt er að stofna og reka bókasöfn með styrk af opinberu fé í heimavistar-skólum (barnaskólum og framhaldsskólum), hvort sem er í sveit eða kaupstað, svo og í sjúkrahúsum landsins, heilsuhælum, elliheimilum og öðrum vistheimilum, svo og fangahúsum.

##### 25. gr.

Skólabókasöfn, sem um getur í 24. gr., skulu fá árlegan styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 20.00 á hvern nemanda og starfsmann miðað við fjölda þeirra í byrjun skólaárs, enda fái safnið jafnháan fjárstyrk annars staðar frá.

Skólastjóri skal hafa umsjón með skólabókasafni og sjá um, að það komi kennurum og nemendum að sem fyllstum notum. Hann skal í lok skólaárs senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu skólaári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að bókasafn skólans fái ríkisstyrk þann, sem því ber fyrir liðið skólaár.

##### 26. gr.

Bókasöfn þau, sem um getur í 24. gr., önnur en skólabókasöfn, skulu njóta árlegs styrks úr ríkissjóði, sem nemur kr. 40.00 á rúm sjúkrahúss, eins og þau eru talin samkvæmt skýrslu landlæknis, eða tölu vistmanna í hæli, eins og hún er í ársbyrjun.

Bókasöfn þessi skulu vera undir umsjá stjórnar stofnunarinnar, en heimilt er henni að fela framkvæmdastjóra stofnunarinnar eða öðrum starfsmanni hennar forsjá safnsins.

Stjórn bókasafnsins (stofnunarinnar) skal í febrúarmánuði ár hvert senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að safnið fái ríkisstyrk þann, sem því ber.

##### 27. gr.

Námsstjórar skulu á ferðum sínum um landið hyggja að rekstri, aðbúnaði og starfi bókasafna í barnaskólum og gefa bókafulltrúa skýrslu um ástand þeirra og starfrækslu, og þá einkum víkja að einstökum söfnum, ef sérstök ástæða þykir til umbóta eða rekstri og aðbúnaði þannig farið, að verða megi til fyrirmyndar.

### IV. KAFLI

#### Um framlag til húsabóta.

##### 28. gr.

Áætla skal árlega á fjárlögum ekki minni upphæð en kr. 500 000, sem veittar séu sem framlag ríkisins til húsabóta handa almenningsbókasöfnum.

Féð skal veita gegn framlögum heima í héraði til byggingar nýrra og hagkvæmari húsa handa bókasöfnum, til breytinga á húsum, sem keypt eru handa bókasöfnum, til viðbygginga og til meiri háttar lagfæringa á húsnæði bókasafna.

### V. KAFLI

#### Um bókafulltrúa.

##### 29. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa sérstakan bókafulltrúa í skrifstofu fræðslumálastjóra.

Hann skal uppfylla eitthvert þeirra skilyrða, sem um getur í 10. gr., vera bókmenntafróður og hafa sýnt áhuga á fræðslu- og menningarmálum. Bókafulltrúi

skal hafa eftirlit með öllum almenningsbókasöfnum landsins, leiðbeina stjórnun þeirra og bókavörðum um bókaval og allt, sem að rekstri bókasafna lýtur, og koma á, í samstarfi við Bókavarðafélag Íslands, námskeiðum handa bókavörðum, sem ekki hafa bókavörzlu að aðalstarfi. Hann skal og vera ráðunautur menntamálaráðuneytisins um öll málefni almenningsbókasafna.

## VI. KAFLI Almenn ákvæði.

### 30. gr.

Öll almenningsbókasöfn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, skal geyma í góðum, rakalausum húsakynnum.

Allar óbundnar bækur þeirra skal binda í traust band, jafnóðum og því verður við komið.

Aldrei má lána út óbundna bók eða lausa úr bandi.

Allar bækur, sem safnið eignast, skulu skráðar í aðfangabók og tölusettar og auðkenndar sem eign safnsins. Skulu þær skipulega flokkaðar og þeim raðað.

Jafnan skal vera í bókasafni handhæg bókaskrá fyrir notendur safnsins og bókavörð.

Heimilt er stjórnun bókasafna að setja í sérstakan flokk bækur, sem ekki skal lána úr bókasafni, svo sem fágætar bækur, orðabækur og ýmsar handbækur, en lána skal þær í lestrarsal.

### 31. gr.

Öll almenningsbókasöfn landsins skulu hafa samstarf sín á milli um gagnkvæm bókalán og bókaskipti, eftir því sem hagkvæmt þykir. Um bókaskipti skal leita ráða og samþykkis bókafulltrúa.

### 32. gr.

Skylt er, að hvert það bæjar- eða héraðsbókasafn, sem talið er upp í lögum þessum, fái ókeypis eitt eintak af Alþingistiðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum Hagstofunnar, Lagasafni, Hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum millipinganeftnda og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríki og stofnanir gefa út.

Enn fremur skýrslur sýslunefnda og bæjarfélaga. Skal bókasöfnum sent þetta þeim að kostnaðarlausu, og er skylt að láta binda Alþingistiðindi og Stjórnartíðindi.

Heimilt er öðrum almenningsbókasöfnum að fá ókeypis þau ofantalinna rita, er þau óska, ef þau hlíta settum reglum að binda þau og geyma.

### 33. gr.

Ef stjórn bókasafns vanrækir að senda tilskildar skýrslur um starfsemi safnsins og gera reikningsskil á lögskildum tíma, skal safninu ekki greiddur styrkur úr ríkissjóði fyrr en úr hefur verið bætt. Dragist að gera lögskil, skal það tilkynnt hlutaðeigandi bæjarstjórn, sýslumanni eða sveitarstjórn. Sé ekki að heldur bætt úr, skal bókafulltrúi hlutast til um, að menntamálaráðuneytið hafi afskipti af málinu.

### 34. gr.

Ef bæjarstjórn, sýslunefnd eða sveitarstjórn vanrækir þær skyldur, sem þeim eru lagðar á herðar í lögum þessum um fjárframlög, framkvæmanlega fyrirgreiðslu um öflun hagkvæms húsnæðis handa söfnum og kosningu stjórna, skal bókafulltrúi áminna þær skriflega. Reynist það ekki fullnægjandi, skal hann óska ihlutunar menntamálaráðuneytisins.

35. gr.

Skýlt er að vát tryggja öll bókasöfn, sem lög þessi taka til, og skal leita álits bókafulltrúa um váttryggingarupphæðina.

36. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

VII. KAFLI

Um gildistöku laganna.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964, en jafnframt falla úr gildi lög nr. 42/1955 og breyting á þeim lögum nr. 50/1956.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lögin um almenningsbókasöfn frá 18. maí 1955 hafa verið óbreytt allt til þessa. Þrátt fyrir ýmsa örðugleika hefur tekizt að koma þeim í framkvæmd í öllum bæjum og héruðum landsins og í flestum af hreppunum, og hefur það sýnt sig, að hin kerfisbundna skipan þessara mála var tímabær nauðsyn. Notkun safnanna hefur farið sívaxandi og bókakostur þeirra aukizt að miklum mun, sbr. fylgiskj. 3, þrátt fyrir mjög þröngan fjárhag, síhækkandi bókaaverð og stórlega aukinn kostnað við allan rekstur safnanna, enn fremur mjög víða vöntun á viðhlitandi húsnæði og svo til alls staðar ónógan og óhentugan húsakost, ef miðað er við þær kröfur, sem gerðar eru í þeim löndum, þar sem þessi mál eru komin lengst á veg, en þar eru söfnin orðin mjög veigamikill þáttur í fræðsluferfinu og mjög áhrifarík um aukna menningu.

Langflestir bæirnir hafa lagt fram til safnanna miklum mun meira fé en sem nemur lágmarki því, er lögin kveða á um, og þeim sveitum hefur farið sífjöldandi, sem hafa aukið framlög sín fram úr því hámarki, sem framlag fæst á móti úr ríkissjóði. Þá hafa og nokkrar sýslur lagt fram meira fé til héraðsbókasafna en lögskipað er. Loks hafa félög í sumum héruðum og sveitum styrkt söfnin, einnig hafa forráðamenn þeirra og velunnarar í nokkrum hreppum lagt á sig mikið erfiði og fyrirhöfn til að afla þeim fjár. Þess ber og að geta, að flestir heimavistarskólar, sjúkrahús og hæli hafa komið sér upp bókasöfnum og notið þess styrks til þeirra, sem heimilaður er úr ríkissjóði, samkvæmt lögum.

Auðsætt er, að ekki má lengur dragast að breyta til hækkunar ákvæðum laganna um framlög til safnanna, en auk þess hefur reynslan sýnt, að bæta þarf inn í lögin mikilsverðum ákvæðum, og eru þau tekin upp í þetta frumvarp.

Aðalbreytingarnar, sem í frumvarpinu felast, eru þessar:

Breytingar á ákvæðum um framlög:

Þeirri aðalreglu er fylgt, að tvöfalda þau framlög, sem kveðið er á um í nügildandi lögum, þó með allmiklum frávikum til leiðréttingar á misrétti og til frekari úrbóta, þar sem þess er brýn þörf.

Í lögnum eru framlög bæjarsjóða til bæjarbókasafna ákveðin kr. 15.00 á íbúa og ríkisframlag kr. 7.50. En í 3. málsgrein 5. gr. laganna er heimild fyrir bæjarstjórnir í þeim bæjum, sem í eru 4000 íbúar eða þar yfir, til stíglækkunar á framlaginu, en hins vegar ákveðið, að ríkisframlagið til safna í þessum bæjum lækki um kr. 0.75 á íbúa, þegar íbúatala hefur náð 4000 og síðan um sömu upphæð fyrir hvert þúsund, sem við bætist, unz ríkisframlagið er komið niður í kr. 2.50. Nú hafa bæirnir ekki notað sér lækkunarheimildina, heldur langflestir lagt fram miklu hærri upphæð heldur en nemur kr. 15.00 á hvern íbúa, en hins vegar hefur verið fylgt ákvæðinu um stíglækkandi framlag ríkisins. Akranes, Ísafjörður, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Húsavík, Seyðisfjörður og Neskaupstaður hafa allir fengið úr ríkissjóði kr. 7.50 á íbúa til bókasafna sinna, en Vestmannaeyjar og Keflavík kr.



6.75, Kópavogur 5.25, Hafnarfjörður 4.50, Akureyri 3.75 og Reykjavík aðeins kr. 2.50 á íbúa. Þarna hefur komið fram mikið misrétti, enda sannast mála, að fjárþörfin til bókasafns er sízt minni í stærstu bæjunum. Þar er nauðsynlegt að koma upp útibúum frá aðalbókasöfnunum, og séð frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar er það menningarleg nauðsyn, að bókasöfn stærstu bæjanna hafi upp á að bjóða sem viðtækasta þjónustu, enda hafa menningarþjóðir Vesturlanda lagt síaukna áherzlu á að gera almenningsbókasöfnum borganna fært að hafa með höndum sem allra fjölþættasta starfsemi. Því er nú gert ráð fyrir, að lágmarksframlag allra bæja á Íslandi sé hið sama, kr. 30.00 á íbúa, og ríkisframlagið kr. 15.00. Þó skal Reykjavík heimilt að leggja aðeins fram kr. 25.00 á hvern íbúa, og verður þá framlag ríkisins 50% af þeirri upphæð, eða kr. 12.50 á íbúa.

Í nágildandi lögum er mjög illa búið að héraðsbókasöfnunum, og hefur raunin orðið sú, að víðast hafa þau komið að miklu minna gagni en bókasöfn bæjanna. Hreppsnefndir og sýslunefndir hafa yfirleitt reynzt miklum mun tregari til þess en bæjarstjórnir að leggja fram meira fé en gert er ráð fyrir í lágmarksákvæðum laganna, án þess að neitt komi á móti úr ríkissjóði. Sveitarsjóðir hreppanna, þar sem héraðsbókasöfn eru staðsett, voru ekki með lögnum skyldaðir til að leggja fram kr. 15.00 á íbúa, eins og bæirnir, heldur var dregið frá þeirri upphæð framlag sýslunnar, kr. 3.00 á íbúa, og frá framlagi ríkissjóðs vegna hreppanna þær kr. 2.50, sem ríkið leggur á móti sýsluframlaginu. En héraðsbókasöfnunum ber að rækja hlutverk sveitarbókasafns í þeim hreppi, þar sem þau eru staðsett, og kr. 12.00 frá sveitarsjóði og kr. 5.00 úr ríkissjóði verða aðeins kr. 17.00 samtals, en sveitarbókasafn, sem ekki er um leið héraðsbókasafn, getur samkvæmt nágildandi lögum fengið kr. 12.50 á íbúa, gegn kr. 20.00 á sömu einingu frá hreppssjóði eða öðrum aðilum heima í héraði — og verða þá tekjur þess kr. 32.50 á íbúa. Ef dæmi er tekið af kaupþúnum Borgarnesi og Stykkishólmi, en íbúatala beggja er um 900, verður ranglætið og misræmið ljóst. Héraðsbókasöfnin á þessum stöðum eru bæði jafnframt sveitarbókasöfn, þar sem þau hafa aðsetur sitt. Sem slík geta þau ekki fengið herra framlag úr ríkissjóði samkv. nágildandi lögum en kr. 5.00 á íbúa eða kr. 4500.00 á ári. En hefðu þau eingöngu verið sveitarbókasöfn, hefði framlagið frá ríkissjóði getað komið upp í kr. 11250.00. Gjaldið frá sýslunum, kr. 3.00 á íbúa og kr. 2.50 á móti frá ríkissjóði, fá þau samkvæmt efni og anda laganna fyrir að rækja hlutverk héraðsbókasafns í öllum hreppum bókasafnshverfisins. Því er það, að í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir sama framlagi frá sveitarsjóðunum, þar sem héraðsbókasöfn eru staðsett, og bæjarsjóðum er gert að greiða til bæjarbókasafna, og greiðir ríkið 50% á móti því framlagi — eins og í bæjunum, í stað 41.7% áður. Greiðslur sýslna tvöfaldast og sömuleiðis framlag ríkissjóðs vegna sýslanna.

Það hefur vakið mikla óánægju áhugasamra ráðamanna sveita, bæja og sýslna, að ríkið hefur ekkert greitt á móti því fé, sem þessir aðilar hafa lagt bæjar- og héraðsbókasöfnunum umfram það lágmarksframlag, sem þeim er skylt að greiða samkvæmt lögum, en til sveitabókasafna getur framlag ríkissjóðs hækkað úr kr. 5.00 í kr. 12.50, ef heimaaðilar leggja safninu fé, sem nemur kr. 20.00 á hvern íbúa sveitarinnar. Þess vegna er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að ríkið greiði 50% á móti því fé, sem bæir, sveitir og sýslur leggja til bæjar- og héraðsbókasafna fram yfir lögskilt lágmark, unz framlag ríkissjóðs hefur hækkað um kr. 5.00 á íbúa gegn aukaframlagi bæjar- og sveitarsjóða alls staðar nema í Reykjavík — og kr. 2.00 gegn aukaframlagi sýslna. Ríkisframlagið móti framlagi bæjar- og sveitarsjóða getur því komið upp í kr. 20.00 á íbúa og móti framlagi sýslna í kr. 7.00. En gegn framlagi bæjarsjóðs Reykjavíkur getur það þó ekki komið upp herra en í kr. 15.00.

Samkvæmt sérstökum lögum fá bókasöfnin í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði eitt ókeypiss eintak af öllu því, sem prentað er hér á landi. Tilgangurinn með þessu var sá, að tiltækt væri í öllum landshlutum eintak alls þess, sem hér er prentað. Söfnunum er því lögð á herðar skylda til að geyma eitt eintak af bókum, bæklingum, tímaritum og blöðum, flugritum og öllu öðru, sem þeim er sent sam-

kvæmt áðurgreindum lögum. Þessi geymsluskylda er ótvíræður baggi á söfnunum. Þess vegna er kveðið svo á í þessu frumvarpi, að þessi söfn fá árlega upphæð frá ríkissjóði til bands á hinum gefnu eintökum. Mundi hún hæfilega ákveðin kr. 25 000.00 á hvert safn — eða alls kr. 100 000.00.

Lágmarksframlag heimaaðila og ríkis til sveitarbókasafna tvöfaldast samkvæmt frumvarpinu, en hins vegar var ekki talið, að brýna nauðsyn bæri til, að sú hámarksupphæð, sem umframgreiðsla ríkissjóðs miðaðist við, hækkaði um meira en kr. 10.00 á íbúa, nema í þeim sveitum, þar sem íbúatalan nær ekki 150. Þar skal hámarksupphæðin tvöfaldast. Hámarksgreiðsla ríkissjóðs til sveitarbókasafna í hreppum, sem í búa 150 manns eða fleiri, verður kr. 20.00 á íbúa gegn kr. 30.00 á sömu einingu frá heimaðilum, en kr. 25.00 gegn kr. 40.00 á íbúa í sveitum, þar sem færri búa en 150. Safn í sveit, þar sem eru 100 manns, getur samkvæmt frumvarpinu fengið kr. 2500.00 á móti kr. 4500.00 frá heimaðilum, en safn í hreppi, þar sem íbúar eru 200, fær sem hámark úr ríkissjóði kr. 4000.00 gegn kr. 6000.00 heimatekjum.

Framlag til bókasafna í heimavistarskólum hækkar um 150%, úr kr. 10.00 í kr. 25.00 á hvern einstakling, sem við er miðað, enda var 10 króna framlagið allt of lágt. Hins vegar þótti ekki bera brýna nauðsyn til að tvöfalda framlagið til bókasafna sjúkrahúsa og vistheimila, en það hækkar úr kr. 25.00 í kr. 40.00 á sjúkrarúm og vistmann.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að inn í lögin bætist nýr kafli, með fyrirsögninni: Um framlag til húsabóta. Á 14. gr. fjárlaga ársins 1955 voru kr. 175 000.00 til byggingar bókasafna. Þessi upphæð hélzt óbreytt í nokkur ár, en síðan var hún lækkuð niður í kr. 166 250.00. Nú er kveðið svo á í frumvarpinu, að ríkið leggi fram árlega kr. 500 000.00 í þessu skyni, og verði fénu ráðstafað samkvæmt reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur. Vaknað hefur mikill áhugi forráðamanna almenningsbókasafna á að bæta húsakost þeirra, því að eftir því sem notkun þeirra hefur aukizt, hefur mönnum, sem hafa mál þeirra með höndum, orðið ljósara, hve mikið er undir því komið, að þau séu í rúmgóðum, snotrum og hagkvæmum húsakynnum. Fyrir stór og mikið notuð söfn er það fjárhagsatriði, að húsakynninn séu sem hagkvæmust, því að það sparar starfslið, og með tilliti til notendanna er það mikilvægt atriði, að söfnin séu í aðlaðandi húsnæði. Þegar hafa verið reist tvö myndarleg bókasafnshús, þrjú eru í smíðum, og á komandi vori verður hafizt handa um smíði þriggja til fjögurra. Þá hafa og nokkur söfn fengið bjarglegt húsnæði í félagsheimilum, sem reist hafa verið á síðustu árum. Öll hin nýju húsakynni safnanna eru í samræmi við það, sem bezt þykir henta í þeim löndum, þar sem mest áherzla er lögð á starf almenningsbókasafna, þó að ólíku sé saman að jafna um stærð og íburð. Forráðamenn almenningsbókasafnanna viðs vegar um land líta svo á, að jafnsjálfsagt sé, að ríkið leggi fram fé til byggingar bókasafna eins og til skólabygginga, og framlög frá ríkinu til nýrra bókasafnshúsa eða til umbóta á gömlu húsnæði bókasafna hafa mikil áhrif til örvarunar þeim, sem eigi yfir að ráða fé bæjar-, sýslu- og sveitarsjóða. Bókafulltrúi lítur svo á, að fenginni reynslu, að ef verðlag á byggingarefni breytist ekki að mun frá því, sem nú er, megi takast á einum áratug með kr. 500 000.00 árlegu framlagi frá ríkinu að bæta úr brýnustu þörf fjölmargra almenningsbókasafna til húsabóta.

Ákvæði 22. gr. eru nýmæli, sem ætla má að geti haft verulegt raunhæft gildi. Þorp, sem í eru 800 íbúar, getur gegn 24 þús. króna framlagi fengið árlega 16 þúsund krónur úr ríkissjóði til safns síns, sem hefur þá 40 þús. kr. árstekjur.

Það liggur í augum uppi, að mjög mikið er undir því komið, að almenningsbókasöfn eigi kost á sem hæfustum mönnum til bókavörzlu. Með 10.—12. greinum frumvarpsins er reynt að tryggja það, að til bókavörzlu veljist menn, sem að þekkingu og æfingu séu starfinu vaxnir. Í nálægum löndum er það skilyrði fyrir starfi í almenningsbókasafni, að menn hafi lokið prófi í sérskólum handa bókavörðum, auk stúdentsprófs, en hér þótti hvorki askilegt né fært að setja slíkt skilyrði.

Loks er ákvæði í frumvarpinu, sem leggur þá skyldu á herðar héraðsbókavörð-

um, að þeir hafi eftirlit með starfsemi sveitarbókasafna og bókasafna í hælum og sjúkrahúsum og veiti nauðsynlegar leiðbeiningar hver í sínu bókasafnshverfi. Eru þeim ekki ætluð sérstök laun fyrir þau störf, en hins vegar ferðakostnaður. Telur bókafulltrúi, að kr. 25 000.00 muni nægja í þessu skyni. Námsstjórar hafi svo eftirlit með rekstri bókasafna í heimavistarskólum. Með þessari skipan kemst á öruggara og almennara eftirlit, meiri leiðbeiningarstarfsemi og nánari samvinna milli sveitarbókavarða og héraðsbókavarðar en átt hefur sér stað hingað til. Þarf ekki að koma til kasta bókafulltrúa, nema þegar sérstaklega stendur á, en héraðsbókaverðir munu senda honum árlega skýrslu og leita til hans, þegar nauðsyn krefur.

Samkvæmt áætlun bókafulltrúa á fylgiskjali I hefur samþykkt þessa frumvarps í för með sér kr. 2 351 696.00 hækkun á framlagi ríkisins til almenningsbókasafna — og verður þá allt framlag ríkisins kr. 3 792 946.00 til almenningsbókasafna.

### Fylgiskjal I.

#### Áætluð framlög ríkisins til almenningsbókasafna á árinu 1964 samkvæmt frumvarpi um almenningsbókasöfn.

		Hækkun	
<b>I. Til bæjar- og héraðsbókasafna:</b>			
1. Samkvæmt núgildandi lögum .....	kr. 675 000		
2. Hækkun samkv. till. ....	— 1 687 946		
		2 362 946	1 687 946
<b>II. Til sveitarbókasafna og lestrarfélaga:</b>			
1. Samkvæmt núgildandi lögum .....	kr. 485 000		
2. Hækkun samkv. till.			
a) Rekstursstyrkir .....	kr. 230 000		
b) Til eftirlits .....	— 35 000		
		265 000	750 000
			265 000
<b>III. Til bókasafna í heimavistarskólum og öðrum opinberum stofnunum:</b>			
1. Áætlað framlag samkv. núg. lögum ....	— 115 000		
2. Hækkun samkv. till. ....	— 65 000		
		180 000	65 000
<b>IV. Framlag til húsabóta:</b>			
1. Nú á fjárlögum .....	kr. 166 250		
2. Hækkun samkv. till. ....	— 333 750		
		500 000	333 750
		<u>Samtals kr. 3 792 946</u>	<u>2 351 696</u>

### Fylgiskjal II.

#### Áætlun um tekjur bæjar- og héraðsbókasafna samkv. frumvarpi.

Bókasöfn	Tekjur samkv. frumv. 1964	Raunv.l. tekjur árið 1960	Lágmarks-tekjur samkv. núgild. lögum		
			Ríkisframlag 1962	Ríkisframlag 1964	
1. B. og héraðsb.s. Keflav. ....	260 064	223 010	124 007	42 345	91 920
2. — — Hafnarf. ....	603 179	609 700	136 663	37 357	153 405
3. Bæjarbókas. Kópavogi .....	299 835	112 104	124 932	34 981	99 943
4. — Reykjavíkur .....	2 793 750	2 035 081	914 850	182 970	931 250
5. Héraðsbókas. Kjósarsýslu .....	63 488	25 995	17 109	10 483	24 740

Bókasöfn	Tekjur samkv. frumv. 1964	Raunv.l. tekjur árið 1960	Lágmarks-tekjur samkv. núgild. lögum	Ríkis-framlag 1962	Ríkis-framlag 1964
6. B. og héraðsb.s. Akranesi .....	243 480	183 472	90 780	30 660	81 960
7. Héraðsb.s. Borgarfj. ....	99 819	32 970	30 136	11 263	36 909
8. Amtsb.s. í Stykkishólmi .....	140 777	38 281	35 640	13 768	67 847
9. Héraðsb.s. Dalasýslu .....	24 884	11 910	10 919	4 208	9 800
10. — A.-Barð. ....	16 225	7 005	6 842	2 480	6 115
11. — V.-Barð. ....	83 751	26 423	26 423	9 848	33 349
12. — V.-Ísafj.s. ....	41 543	21 369	19 979	7 238	17 105
13. B. og héraðsb.s. Ísaf. ....	207 329	166 759	71 013	24 951	83 335
14. Héraðsb.s. Strandas. ....	35 456	18 312	15 473	5 915	13 880
15. — V.-Hún. ....	30 590	17 049	13 425	5 175	12 050
16. — A.-Hún. ....	76 564	35 759	23 314	8 950	28 684
17. B. og héraðsb.s. Skagaf. ....	110 167	55 604	42 726	16 023	33 617
18. Bæjarbókas. Sigluf. ....	158 100	131 622	59 288	19 763	52 700
19. — Ólafsf. ....	41 940	37 008	20 970	6 990	13 980
20. Amtsbókas. Akureyri .....	470 769	310 000	166 848	43 266	178 715
21. Bókas. Þingeyinga, Húsav. ....	101 233	68 029	50 616	18 687	37 375
22. Héraðsb.s. N.-Þing. ....	51 925	30 886	16 069	6 478	19 955
23. Héraðsb.s. Fljótshéraðs .....	36 163	21 528	16 329	6 555	14 707
24. Amtsbókas. Seyðisf. ....	83 862	41 149	23 931	8 865	21 410
25. B. og héraðsb.s. Neskaupst. ....	95 574	57 018	34 479	11 625	32 650
26. Héraðsb.s. Eskif. ....	71 860	33 666	31 641	12 255	28 410
27. — A.-Skaftaf.s. ....	45 119	27 530	18 946	6 820	16 925
28. — V.-Skaftaf.s. ....	37 605	19 558	16 042	5 923	14 355
29. Bæjarbókas. Vestmannaeyja ....	281 220	181 202	99 599	31 637	93 740
30. Héraðsb.s. Rangárvallasýslu ....	47 845	31 200	22 135	9 175	19 975
31. — Árnessýslu .....	159 028	69 425	69 259	26 545	62 140

Tekjurnar samkv. frv. og framlög ríkissjóðs hvort tveggja áætlað samkv. reynslu undanfarinna ára um framlög og af kynnum bókafulltrúa á aðstæðum.

### Fylgiskjal III.

#### Aukning bókakosts, lánþegar og lánuð bindi í 261 almenningsbókasafni á árinu 1960.

Aukning bókakosts	í bæjar- og héraðsbókasöfnum .....	15 239 b.
—	í sveitabókasöfnum .....	7 073 —
—	í bókasöfnum heimavistarskóla og hæla .....	1 980 —
	<b>Aukning alls:</b>	<b>24 292 b.</b>
Bókakostur nú	í bæjar- og héraðsbókasöfnum .....	277 489 b.
—	í sveitarbókasöfnum .....	231 763 —
—	í bókasöfnum heimavistarskóla og hæla .....	60 140 —
	<b>Bókakostur alls:</b>	<b>569 392 b.</b>
Lánþegar	í bæjar- og héraðsbókasöfnum .....	14 198
—	í sveitarbókasöfnum .....	7 927
—	í bókasöfnum heimavistarskóla og hæla .....	1 203 —
	<b>Lánþegar alls</b>	<b>23 328</b>

Lánuð bindi	úr bæjar- og héraðsbókasöfnum .....	450 607 b.
—	úr sveitarbókasöfnum .....	145 474 —
—	úr bókasöfnum heimavistarskóla og hæla .....	83 000 —
	Lánuð alls úr almenningsbókasöfnum	<u>679 081 b.</u>

Meðaltal lánaðra binda á hvern einstakling þjóðarinnar árið 1960 3.9. Árið 1956, þegar lögin um almenningsbókasöfn voru eins árs gömul 2.2, og árið 1959 3.2. Þar eð skýrslur vantar enn frá ýmsum bókasöfnum frá árinu 1961, eru ekki til heildartölur þess árs, en bókakaup og útlán hafa minnkað að mun, enda kvarta forráðamenn safnanna meira og meira yfir skorti á rekstrarfé.